

Fyrirspurn

til félags- og jafnréttismálaráðherra um húsnæðisbætur.

Frá Steinunni Þóru Árnadóttur.

1. Hvenær hyggst ráðherra, í samræmi við 30. gr. laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, gera breytingar á fjárhæðum frítekjumarka miðað við árstekjur í 17. gr. laganna þannig að t.d. öryrkjar sem búa einir og hafa einungis greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins sér til framfærslu njóti fullra húsnæðisbóta?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögnum til að koma í veg fyrir að uppbætur á lífeyri, svo sem vegna lyfjakostnaðar, og desemberuppbót skerði húsnæðisbætur?